



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/219

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími: +354-568 9664

Alþingi

*Erindi nr. P 131/253*  
*komudagur 29.11.2004*

24. nóvember 2004

**Efni: Um lagafrumvarp um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi, 211. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi verið að innleiða efni tilskipunar nr. 2002/87/EB um viðbótarefirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu, en tilskipun þessi á að koma til framkvæmda 1. janúar 2005 í ríkjum EES. Eðli málsins samkvæmt tekur frumvarpið mið af því, að innleiðing á ákvæðum tilskipunarinnar gerist með breytingum á annars vegar lögum um fjármálafyrirtæki og hins vegar lögum um váttryggingastarfsemi. Viðskiptaráðherra skipaði sérstaka nefnd á sínum tíma til að gera tillögur um innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt, og átti fulltrúi SÍT aðild að henni. Er sá hluti frumvarpsins, sem að þessu lýtur, þ.e. 1. til 8. gr. og 16. gr. til 19. gr., í samræmi við tillögur nefndarinnar. Sýnast þessi ákvæði frumvarpsins ekki kalla á efnislegar athugasemdir af SÍT hálfu.
2. Með frumvarpinu er í annan stað verið að innleiða í íslenskan rétt efni tilskipunar nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Sá hluti frumvarpsins snýr einungis að breytingum á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þar sem sambærileg ákvæði sem varða endurskipulagningu og slit váttryggingafélaga, sbr. tilskipun nr. 2001/17/EB, var innleidd á árinu 2003 með breytingum á lögum um váttryggingastarfsemi, sbr. lög nr. 30/2004. Í þessum tilskipunum felst, að endurskipulagning fjárhags og slit bæði váttryggingafélaga og lánastofnana fari fram í því ríki, þar sem váttryggingafélagið eða lánastofnunin hefur höfuðstöðvar sínar (í „heimaríki“ eins og sagt er) og gildir fyrst og fremst réttur heimaríkisins um endurskipulagninguna og slitin. Þessi hluti frumvarpsins er sambærilegur við þær breytingar, sem þegar hafa verið gerðar á lögum um váttryggingastarfsemi. Af SÍT hálfu eru engar efnisbreytingar lagðar til á þessum hluta frumvarpsins.

Athygli skal þó vakin á því, að í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, fylgiskjali II., er ekki farið rétt með markmið frumvarpsins. Segir þar að markmið þess sé „innleiðing tilskipana um slit lánastofnana og á fjármálasamsteypum“.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson